

Skipulagsstofnun
Þóroddur F. Þóroddsson
Laugavegi 166
150 Reykjavík



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 22. janúar 2013
Tilvísun: UST20130100063/bs

Urðunarsvæði við Bakkafjörð - Umsögn

Vísað er til bréfs Skipulagsstofnunar dags. 3. janúar sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um hvort og á hvaða forsendum ofangreind framkvæmd skuli háð mati á umhverfisáhrifum.

Hér er um að ræða viðbót við urðunarsvæði sem hefur verið í notkun sl. 20 ár. Ráðgert er að urða allt að 200 tonn árlega á svæðinu af blönduðum heimilisúrgangi. Með hámarksnotkun mun urðunarsvæðið duga a. m. k. til ársins 2028.

Talið er að áhrif fyrirhugaðrar framkvæmdar verði lítil á gróður og dýralíf þar sem framkvæmdasvæðið er ýmist raskað eða lítt gróið. Helstu áhrif eru talin geta verið vegna hugsanlegrar mengunar sigvatns.

Skv. 16. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs ber viðkomandi rekstraraðila að fylgja áætlun um eftirlit og vöktun með urðunarstaðnum. Í því tilfalli sem hér um ræðir er gert ráð fyrir að sigvatn sé sá umhverfisþáttur sem krefst vöktunar. Fyrirhuguð framkvæmd er hvorki á friðlýstu svæði né á svæði á náttúruminjaskrá.

Hér er um að ræða tiltölulega lítið magn úrgangs sem urðað verður á svæði sem nýtt hefur verið sl. 20 ár til urðunar. Ráðgert er að vakta magn mengandi efna í sigvatni.

Að teknu tilliti til ofangreindra atriða telur Umhverfisstofnun ekki líklegt að umrædd stækkun urðunarsvæðis við Bakkafjörð muni hafa umtalsverð umhverfisáhrif í för með sér.

Viðingarfyllst

Ólafur A. Jónsson

Deildarstjóri

Björn Stefánsson

Björn Stefánsson